

Mál nr. 429/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Sjúklingatrygging.

Nafn vátryggingartaka (X)

Erfðaréttur.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 22. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. janúar 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 25. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Með úrskurði sínum í máli 211/2021 komst Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum að þeirri niðurstöðu að Y ætti rétt til bóta úr sjúklingatryggingu X. Í kjölfarið áttu sér samskipti milli V og lögmanns Y. Í tölvupósti V dags. 15. september 2021 kom fram að félagið mundi una áðurnefndum úrskurði. Í kjölfarið komu aðilar sér saman um matsmann og var sameiginleg matsbeiðni dags. hinn 29. september 2021. Matsfundur fór fram hinn 21. október 2021, og er fyrirbyggjandi matsgerð dags. 13. desember 2021. Áður en matsgerð lá fyrir, eða hinn 20. nóvember 2021, lést Y og fékk M, sem var einkaerfingi Y samkvæmt erfðaskrá, leyfi til einkaskipta á dánarbúi hans. Í kjölfar þess að matsgerð lá fyrir sendi lögmaður tillögu að fullnaðaruppgjöri bótagreiðslu á grundvelli hennar. V hafnaði kröfunni með vísan til 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 þar er krafan hefði ekki verið viðurkennd í skilningi þess ákvæðis.

Í málskoti er þeirri afstöðu mótmælt og gerð krafa um að V greiði M miskabætur á grundvelli matsgerðarinnar auk vaxta og kostnaðar. Í 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga sé að finna sérreglu um að krafa um bætur fyrir þjáningar og varanlegan miska erfist ekki nema slík krafa hafi verið viðurkennd, einkamál verið höfðað til heimtu hennar eða hún verið gerð fyrir dómi í sakamáli. Um sé að ræða undantekningarreglu sem ekki verði túlkuð rýmra en orðalag hennar gefi til kynna. V hafi þá með samskiptum sínum og svörum til aðila viðurkennt bótakröfuna.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji skilyrði 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga ekki uppfyllt, þar sem bótakrafa hafi ekki verið send V fyrr en tæpum mánuði eftir andlát Y heitins. Þó V hafi fallist á bótaskyldu úr sjúklingatryggingu feli það ekki í sér viðurkenningu á bótakröfu sem kunnir að verða sett fram síðar. Þar sem krafan hafi ekki verið send V fyrr en eftir andlát Y hafi krafan ekki verið viðurkennd og því hafi hún ekki erfst.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að tillaga að bótauppgjöri hafi verið send V hinn 17. desember 2021, eða fjórum dögum eftir að matsgerð lá fyrir. Ljóst sé að Y hafi verið látinn þegar matsgerðin lá loks fyrir en það breyti því ekki að V sé skuldbundið til að hlíta niðurstöðu hennar, enda hafi félagið samþykkt að hlíta úrskurði nefndarinnar í máli 211/2021. Þá hafi V samþykkt þann sérfræðilækni sem framkvæmdi matið, félagið hafi þá tekið virkan þátt í gerð matsins, og m.a. komið að viðbótarspurningum sem hafi haft þau áhrif að flækja og seinka matsferlinu.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga erfist krafa um bætur fyrir þjáningar eða varanlegan miska hafi hún verið viðurkennd, einkamál verið höfðað til heimtu hennar eða viðurkenningar eða hún hefur verið gerð fyrir dómi í sakamáli. Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort krafa Y um bætur vegna þjáningar og varanlegs miska úr sjúklingatryggingu X hafi verið viðurkennd í skilningi þessa ákvæðis. Skýringar í greinargerð með umræddu ákvæði veita ekki skýrar leiðbeiningar varðandi það hvers kyns athafnir leiði til þess að krafa teljist viðurkennd en samkvæmt orðalagi ákvæðisins er ljóst að það er ekki nauðsynlegt að mál hafi verið höfðað til heimtu eða viðurkenningar hennar. Hlýtur þá að koma til skoðunar og mats nefndarinnar hvort V hafi með atferli sínu viðurkennt kröfuna, en óumdeilt er að fjárhæð hennar lá ekki fyrir en eftir andlát Y.

Fyrir liggur að úrskurður nefndarinnar í máli 211/2021 var kveðinn upp hinn 1. september 2021. Hinn 9. september 2021 innti lögmaður M V eftir því hvort félagið hygðist una úrskurðinum og hinn 15. sama

mánaðar barst svar V þess efnis að úrskurðurinn hefði verið ræddur innan V og ákveðið að una honum. Liggur því fyrir að V féllst á að Y heitinn ætti rétt til bóta úr sjúklingatryggingu X þó fjárhæð bótakröfu hans lægi ekki fyrir. Í framhaldinu, þ.e. dagana 15. – 29. september átti lögmaður Y í töluverðum samskiptum við V, þar sem aðilar komu sér saman um matsmann og stóðu saman að matsbeiðni, og má m.a. ráða af fyrirbyggjandi gögnum að V hafi komið á framfæri spurningum, s.s. um skoðun á sjúkrasögu Y og beiðni um sérstakt mat á því hvaða afleiðingar mætti rekja til umrædds sjúklingatryggingaratburðar og hverjar til grunnsjúkdóms. Liggur því fyrir að í kjölfar úrskurðar nefndarinnar í máli 211/2021 féllst V á að taka þátt í mati á afleiðingum hins bótaskylda atburðar. Þá verður ekki séð að athugasemdir hafi verið gerðar við efni, aðferðafræði eða niðurstöðu fyrirbyggjandi matsgerðar.

Eins og mál þetta horfir við nefndinni verður að telja að með framangreindum athöfnum hafi V viðurkennt kröfuna sem slíka og að í raun verði að telja það tilviljun að fjárhæð kröfunnar lá ekki fyrir fyrir en eftir andlát Y, en matsfundur fór fram hinn 21. október 2021. Verður það þá ekki talið fortakslaust skilyrði fyrir viðurkenningu kröfu að krónutala hennar liggi fyrir. Eins og áður segir virðist ekki um það deilt að Y hafi átt kröfu til bóta, né um matsgerðina sem slíka eða þá kröfufjárhæð sem af henni leiðir. Er það af öllu framansögðu mat nefndarinnar að skilyrði 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga um að krafa hafi verið viðurkennd sé uppfyllt.

Niðurstaða.

Krafa Y um bætur úr sjúklingatryggingu X hjá V erfist til M samkvæmt 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Reykjavík, 28. febrúar 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir